

# Heyrnarvarnir

## Phonak Serenity DP+ / DPC+

Heyrnarvarnir með virka “active” dempun og samskiptakerfi

**Serenity DP+ og DPC+** heyrnarvarnirnar eru með virka (active) dempun. Kerfið metur sjálft hljóðstyrk umhverfisins og stillir dempunina með hliðsjón af honum. Kerfið dempar skaðleg hljóð samstundis niður fyrir hættumörk. Hraði kerfissins tryggir að hvell hljóð, t.d. skothvellir, dempast um leið og þau eiga sér stað. Þegar umhverfishljóð fara niður fyrir hættumörk hættir dempunin að vera virk. Notandinn er fullkomlega meðvitaður um hljóðumhverfi sitt, getur tekið þátt í samræðum og greinir öll viðvörunarhljóð án þess að fjarlægja heyrnarvörnina.

**Serenity DP+ og DPC+** samanstanda af hlustarstykki (eShells) sem framleidd eru úr slitsterku næloni eftir nákvæmum mátum af eyrum viðkomandi, hlustarstykkiatengjum (earJacks™) og tengiboxi. Hlustarstykkin er hægt að fá í þremur litum: græn, blá og húðlituð.

**Serenity DP+ og DPC+** henta því vel einstaklingum sem vinna við aðstæður þar sem hljóðstyrkur er sveiflukennur/breytilegur. Þær eru tilvaldar fyrir iðnaðarmenn sem þurfa að geta haft samskipti í gegnum síma eða talstöðvar og skotveiðimenn sem þurfa að dempa hávaða frá skothvellingum án þess að skerða möguleika á að greina umhverfishljóð. Þar sem það fer mjög lítið fyrir heyrnarvörunum þá er auðvelt að nota þær með gleraugum, grímum, hjálmum og öðrum höfuðbúnaði.

**Serenity DP+ og DPC+** eru tilvaldar heyrnarvarnir fyrir einstaklinga með væga heyrnarskerðingu þar sem þær geta aukið umhverfishljóðstyrk um 6 dB.

**Serenity DPC+** sameinar virka heyrnarvörn og endingargott samskiptakerfi fyrir farsíma og talstöðvar. Hún hentar vel við erfið hlustunarskilyrði þar sem hljóðstyrkur er breytilegur og öryggi í samskiptum er mikilvægt, svo sem við öryggisgæslu, björgunarstörf, á skotsvæðum, flugvöllum og í iðnaði.

### Serenity DP+



\*Einnig hægt að nota stöðluð hlustarstykki

### Serenity DPC+ (með samskiptakerfi)



HEYRÐU

Sigtúni 42- 105 Reykjavík- Sími: 561 8500  
Netfang: sala@heyrdur.is- Vefur: www.heyrdur.is

PHONAK



